

OPTIMIZAR SPORTSTESTCENT



11.02.2020

Samstarfsfundur SSÍ og sundþjálfara á Íslandi

Þann 19. febrúar næstkomandi verður samstarfsfundur í tengslum við 360-gráðu verkefni SSÍ sem gengur út á að bæta árangur og frammistöðu íslenskra sundmanna.

Málefni fundarins er að skoða og gera áætlun um hvernig við náum því markmiði að bæta árangur sundmanna á grundvelli 360-gráðu stefnu SSÍ.

Mikilvæg forsenda fyrir framgangi og árangri verkefnisins er góð samvinna milli þjálfara, Ragnars Guðmundssonar og SSÍ. Þjálfarar eru mótunar- og hreyfiafl verkefnisins og hafa mikil áhrif á viðhorf sundmanna til þess. Markmiðin og skilaboðin eru skýr, það er að bæta árangur og frammistöðu sundfólksins.

Til að gera fundinn árangursríkan langar mig að biðja ykkur að fylla út **SWOT**-rammann hér að neðan - fara á hugarflug/naflaskoðun til að við getum áttað okkur á styrkleikum og veikleikum í innri og ytri umhverfi/aðstæðum sundíþróttarinnar.

Ég hvet ykkur til að hugsa stórt og út fyrir boxið - „out of the box“.

SWOT-modelið (*source: Kenneth R. Andrews, Harvard Business School*) er þekkt aðferðafræði til að meta styrkleika og veikleika í verkefnum og viðfangsefnum. Aðferðin gengur út á að greina veikleika – í þeim tilgangi að styrkja þá og styrkleika til að nýta til frekari ávinnings; í þessu tilviki fyrir íslenskt sundfólk.

Ég hlakka til að fara yfir niðurstöðurnar og eiga gott samtál við ykkur á fundinum þann 19. febrúar næstkomandi.



Larvikvej
9800 Hjørring
Danmark

TELEFON +45 22265204
MAIL ragnar@optimizar.dk
WEBSTED Optimizar.

SWOT-model

S=Strength: styrkleikar. Tillaga: Hverjir eru helstu styrkleikar í umhverfi sundíþróttarinnar, umhverfi sundmanna í dag sem yta undir árangur og afrek?

Hvað í umhverfinu hér á landi er betra en hjá öðrum þjóðum?

W= Weakness: veikleikar. Tillaga: Hvaða veikleikar eru til staðar sem koma í veg fyrir að afrekin eru ekki í takt við væntingar?

O= Options/ möguleikar. Tillaga: Hvaða þætti er hægt að efla til að bæta árangur sundmanna á Íslandi. Til að ná betri árangri á FINA listanum, ná verðlaunasæti á stórmótum?

T: Threats/ ógnun: Tillaga: hvaða hindranir eru helstar sem standa í vegi fyrir því að við eigum ekki fleiri afreksmenn í sundi?

Þegar þú kemur með þína punkta, þínar tillögur er gott að hafa í huga hvernig umhverfi/aðstæður sundmanna er í dag og hvernig það gæti verið betra til að bæta frammistöðu sundmanna. Eins og kemur fram í upphafi bréfsins þá má endilega hugsa vítt og stórt, út frá líkamlegri getu, tæknilegri getu, sálfræðilegum þáttum, mótahaldi, félagslegum þáttum o.s.frv.

INNRI SKILYRÐI: skilyrði sem þið hafið möguleika á að breyta	
S= Strengths/ styrkleikar	W: Weakness/ veikleikar
YTRI SKILYRÐI: skilyrði sem þið hafið minni möguleika á að breyta	
O= Options/ möguleikar	T: Threats/ ógnun

Bestu kvedjur,

Ragnar Gudmundsson

SSI/ OptimizaR

Ragnar Gudmundsson



Larvikvej
9800 Hjerring

TELEFON +45 22265204
MAIL ragnar@optimizar.dk
WEBSTED Optimizar.